

8.maí 2017

Umhverfis- og auðlindaráðherra  
Björt Ólafsdóttir  
Skuggasundi 1  
150 Reykjavík

Undirritaðir vilja þakka ráðherra fyrir fund föstudaginn 5.maí um frumvarp um skipulag haf- og strandsvæða.

Undirrituðum þótti ráðherra sýna ákveðinn skilning þeirri afstöðu að sveitarfélög færu með skipulagsvald á strandsvæðum. Það var þó gefið skýrt til kynna, af hálfu ráðherra, að mælt verði fyrir frumvarpinu í óbreyttri mynd á Alþingi á næstu dögum.

Undirritaðir standa við þá afstöðu að skipulagsvald yfir strandsvæðum ætti að fela sveitarfélögum. Slíkt fyrirkomulag er í eðlilegu og nauðsynlegu samhengi við skipulagsvald sveitarfélaga og styrki um leið staðbundna sjálfbæra samfélagsþróun, náttúruvernd, atvinnulíf, og atvinnuþróun. Þá teljum við að með frumvarpinu óbreyttu fari forgörðum kjörið tækifæri til valdeflingar sveitarfélaga og eflingu þátttökulýðræðis. Það mun ennfremur verða mikil drifkraftur í því verkefni að móta stefnu um skipulag strandsvæða ef frumkvæði heimamanna er virkjað með því að færa þeim verkefnið.

Í samfélaginu er mikil umræða um aukið íbúalýðræði. Nærtæk leið til að auka íbúalýðræði er að beina því m.a. í gegnum þann farveg sem nefndir sveitarfélaga og skipulagslög hafa þegar búið til. Metnaðarfull sveitarfélög hafa, undir eftirliti Skipulagsstofnunar, gert vandaðar skipulagsáætlanir á borð við aðalskipulag sveitarfélaga. Slík vinna er bæði samfélagslega eflandi og lýðræðisleg. Víða um heim eru strandsvæðin innan einnar sjómílu utan við grunnlínu á skipulagsvaldi sveitarfélaga. Þannig er það í Noregi. Í Svíþjóð og Finnlandi eru skipulagsmörk sveitarfélaga 12 sjómílu utan grunnlínu. Að auki miðast Vatnatilskipun Evrópusambandsins við eina sjómílu utan við grunnlínu. Það er tæpast nokkur ástæða til þess fyrir Íslendinga að halda í flókna og svifaseina miðstýringu að svo miklu leyti sem hægt er að greiða úr málum með skipulagsvaldi sveitarfélaga og því íbúalýðræði sem því fylgir. Gera má ráð fyrir að skipulagsmál yrðu skilvirkari, heildstæðari og einfaldari ef skipulagsvald á strandsvæðum yrði fært til sveitarfélaga.

Að öðru leyti vísun við í vel rökstudda og málefnalega afstöðu er lýst var í bréfi til ráðherra 26.apríl sl.

Verði frumvarpið að lögum teljum við þrennt afar mikilvægt sem yrðu frumvarpinu mjög til hagsbóta að okkar mati:

- a) Að kveðið yrði á um að stefnt skuli að tilraunum með að færa vald yfir strandsvæðaskipulagi til sveitarfélaga, jafnvel þó að á öðrum stöðum verði svæðisráð

rekin samhliða. Sveitarfélög á Austfjörðum og Vestfjörðum liggja sennilega best við þessari tilraun þar sem mikil umræða hefur farið fram á þeim svæðum um þessi mál og góð reynsla komin á skipulagsferli og áætlanir. Fjarðabyggð hefur sem dæmi ákveðið að hefja vinnu við nýtingaráætlun og skipulagsvinnu sem tekur til fjarða og því gæti slík tilraun átt góða samleið með þeirri vinnu.

- b) Að fallið verði frá ákvæði um neitunarvald fulltrúa ráðuneyta, sbr. 5. mgr. 5. gr. Þess í stað mætti mögulega gera kröfu um að aukinn meirihluta atkvæða þurfi til samþykktar mála í svæðisráði. Jafnframt telja sveitarfélögin mikilvægt að tryggja aukið vægi aðliggjandi sveitarfélags í svæðisráðinu með fjölgun fulltrúa.
- c) Í frumvarpinu kemur fram „Við vinnslu frumvarpsins kom skýrt fram að brýnt væri að vinna sem fyrst strandsvæðisskipulag fyrir Vestfirði sökum mikillar eftirspurnar þar“ Mikil eftirspurn og áform eru um laxeldi á Austfjörðum og því mikilvægt að farið verði strax í samskonar vinnu á Austfjörðum og kveðið er á um í frumvarpinu að verði á Vestfjörðum.

Það er einlæg von okkar að umræðan og þær ábendingar sem fram koma í þessu bréfið leiði málið í farsælan feril m.a. vegna vaxandi umsvifa í fjörðum á Austur- og Vesturlandi.

Virðingarfyllt,

*SIGN.*

Páll Björgvin Guðmundsson  
bæjarstjóri Fjarðbyggðar

Gísli Halldór Halldórsson  
bæjarstjóri Ísafjarðabæjar